

**251. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 28. nóvember 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Anna Sólveig Smáradóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2208165 - Tímabundið afnotaleyfi - umsóknareyðublað**

Afnotaleyfi í bæjarlandinu.

*Björn Breiðfjörð Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum.*

*Björn lagði fram drög að eyðublaði þar sem framkvæmdaraðilar sem þurfa að vinna í bæjarlandinu geta sótt um afnotaleyfi.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir ofangreint eyðublað og bendir verktökum að sækja sérstaklega um þegar þeir hyggjast framkvæma verk í bæjarlandi Akraneskaupstaðar.*

**2. 2205006 - Þjónustugjaldskrá - breyting**

Tillögur að breytingu á þjónustugjaldskrá á skipulags- og umhverfissviði.

*Lögð fram þjónustugjaldskrá fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.*

*Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi ráðsins.*

**3. 2210064 - Breyting á sorpmálum 2023**

Tillögur að fyrirkomulagi sorpíláta.

*Björn fór yfir hugmyndir varðandi fyrirkomulag sorpmála á árinu 2023.*

**4. 2202022 - Götulýsing - orkukaup**

Opnuð voru tilboð í verkið "Raforkukaup Akraneskaupstaðar" fimmtudaginn 24. nóvember 2022.

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Orkusalan: verð pr. kWh almenna notkun 6,16 kr., verð pr. kWh fyrir götulýsingu 6,16 kr.*

*N1 Rafmagn: verð pr. kWh almenna notkun 5,98 kr., verð pr. kWh fyrir götulýsingu 5,98 kr.*

*ON: verð pr. kWh almenna notkun 6,86kr., verð pr. kWh fyrir götulýsingu 5,89 kr.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda þ.e. N1 Rafmagn.*

*Björn Breiðfjörð Gíslason vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**5. 2209141 - Braggi í skógrækt**

Umræður um ástand braggans í Skógræktinni.

*Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri tekur sæti á fundinum. Hann fór yfir ástand braggans í skógræktinni, á lóðinni Ásar/Skógrækt.*

*Haft verður frekara samráð við Minjastofnun um varðveislugildi braggans.*

**6. 2211119 - Bæjarskilti - innkoma í bæinn**

Kynning á hugmyndum um aðkomuskilti við bæjarmörkin og kostnað við hönnun.

*Jón Arnar kynnir hugmyndir að aðkomuskilti á leiðinni inn í bæinn. Honum falið að vinna málið áfram.*

*Jón Arnar vikur af fundi eftir þennan fundarlið.*

**7. 2210155 - Íþróttahúsið Vesturgötu - kjallari**

Framtíðarnýting á kjallara íþróttahússins á Vesturgötu.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss taka sæti á fundinum. Þeir kynntu helstu framkvæmdir sem þurfa að fara fram í kjallara íþróttahúss á Vesturgötu m.t.t. framtíðarnýtingar hans.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Ásbirni og Alfreð frekari vinnslu málsins.*

**8. 2102308 - Leikskóli í Skógarhverfi, Asparskógar 25 - verkefnastjórn**

Mánaðarskýrsla í október lögð til kynningar.

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið og fer yfir stöðu verkefnis.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss fóru yfir stöðu framkvæmda við leikskólann í Asparskógum 25.*

**9. 2211227 - Akraneshöll - Ytri klæðning**

Fyrir liggur kostnaðaráætlun vegna viðgerða eða breytinga á ytri klæðningu Akraneshallar.

*Ásbjörn fór yfir hugmyndir varðandi viðhald á ytra byrði Akraneshallar, jafnframt hugmyndir um að einangra húsið og ná meiri hita inn í það að vetrarlagi.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Árbirni frekari vinnslu málsins í samvinnu við helstu hagsmunaaðila.*

**10. 2210187 - Bókasafn og Tónlistarskóli - loftgæði**

Kynning á ástandsskoðun og brunahólfun tónlistarskólans og bókasafnsins sem unnar voru af Verkis.

*Ásbjörn og Alfreð fóru fyrir ástandsskoðun á tónlistarskólanum og bókasafninu.*

Kynning á ástandsskoðun og brunahólfun tónlistarskólans og bókasafnins sem unnar voru af Verkís.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjór áhaldahúss fóru yfir ástandsskoðun á tónlistarskólanum og bókasafninu.*

*Skipulags- og umhverfiráð felur verkefnastjóra og rekstrarstjóra að vinna að gerð útboðsgagna.*

**11. 2210078 - Íþróttahús við Vesturgötu - LED skjár**

Beiðni frá Körfuknattleiksfélagi ÍA um kaup á LED skjá í íþrótt húsið á Vesturgötu.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fór yfir beiðni körfuknattleiksfélags ÍA um kaup á Led skjá í íþróttahúsið á Vesturgötu.*

*Verkefnastjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.*

**12. 2211068 - Sveitarfélög til þátttöku við að þróa aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun óska eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. nóvember sl. að vísa erindinu til úrvinnslu skipulags- og umhverfiráðs Akraneskaupstaðar. Samþykkt 3:0

*Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarráð að Akraneskaupstaður taki þátt í verkefninu.*

**13. 2106162 - Breið - hugmyndasamkeppni**

Farið yfir tillögur hugmyndasamkeppni.

*Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi fór yfir helstu tillögur varðandi hugmyndasamkeppni á Breið.*

*Skipulagsfulltrúa falið að koma með tillögu að greinargerð sem endurspegli vilja ráðsins til áframhaldandi skipulagsvinnu.*

**14. 2204191 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Nýtt deiliskipulag Garðarbrautar 1.

*Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulag á Garðabraut 1, verði auglýst í samræmi við 41.grein, Skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.**

*Gestur - Sveinur Sveinsson  
Anna Sönnuð Smaradóttir  
Sardís Alexía Sigurmundsdóttir*